

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/112**  
**komudagur 12.10.2012**

Reykjavík 10. október 2012

**Græna netið. Nokkrir punktar um Rammaáætlun**

Hér fara á eftir nokkrar mikilvægar athugasemdir sem Græna netið vill koma á framfæri við atvinnuveganefnd og umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

**Nokkur orð um fagleg vinnubrögð**

Flestir eru sammála um að ferlið við að raða svæðum upp á lista eftir verndargildi og virkjunargildi var faglegt þótt ýmis gagnrýni á það hafi verið réttmæt s.s. um að ekki var tekið tillit til jarðminja, sjálfbærni jarðvarmanýtingar og línulagna að einstökum svæðum ef þau yrðu virkjuð. Engu að síður voru allir sammála í grunnatriðum um að þessi hluti vinnunnar var faglega unninn.

Hafa verður í huga að röðun náttúrusvæða eftir verndargildi þeirra er eitt og flokkun þeirra í nýtingar- bið- og verndarflokk er annað. Hið fyrra færir okkur lista í hendur en segir ekki hvað á að gera við hann.

Til að afgreiða síðara verkefnið á faglegan hátt eru til aðferðir sem í áratugi hafa verið praktiseraðar í löndunum í kringum okkur<sup>1</sup>. Þær byggja á þeirri grundvallarstaðreynd að verndun í dag útilokar ekki virkjun síðar en virkjun í dag útilokar verndun síðar. Það er því allt annað en sjálfsagt að í virkjunarflokk fari álíka mörg svæði og í verndarflokk eða biðflokk.

Fagleg aðferðafræði á þessu sviði spyr hver er tilgangurinn með óafturkræfum framkvæmdum og ef við segjum að virkjun á tilteknu svæði sé kostur A til að ná settu markmiði – t.d. að skapa störf – þá er einnig til leið B að sama marki. Þessir kostir eru vegnir og metnir og ef mismunurinn á hagkvæmni leiðar A og B er ekki án vafa meiri en ávinningurinn af því að eiga viðkomandi svæði óraskað um alla framtíð hefur hið faglega ákvörðunarvald tvo kosti; að hætta við eða bíða þar til betri upplýsingar liggja fyrir.

**Aukið gildi ákveðinna svæða.**

Gild rök eru fyrir ört vaxandi verndargildi ákveðinna náttúru- og útivistarsvæða í nágrenni við höfuðborgarsvæðið og alþjóðaflugvöllinn í Keflavík á næstu áratugum. Dæmi um þessa þróun má sjá í gestabókum Ferðafélags Íslands í Esjunni en á síðustu 10 árum hefur skráningum í þær fjölgað úr 2-3 þúsund í 12-14 þúsund á ári.

Með hækkandi bensínverði, fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu, auknum straumi ferðamanna og aukinni áherslu á ráðstefnugesti og vaxandi áhuga á útivist er ljóst að náttúrusvæðin á Reykjanesskaganum allt frá Reykjanesi að Hengli verða sífellt verðmætari sem svæði til að njóta útivistar í sérstakri náttúru.

Á þessari þróun tekur Rammaáætlun ekki. Með því að setja svæði í virkjunarflokk sem miklar líkur eru á að séu þjóðinni verðmætari með verndarnýtingu er verið að gera mikil mistök. Augljóst er að þessi svæði ætti að setja í biðflokk þar til hagrænt gildi verndarnýtingar hefur verið metið. Annað væri ófaglegt.

---

<sup>1</sup> (Arrow, Fisher, 1974) [http://galileo.iph.ufrgs.br/mendes/HIP\\_64/Aula\\_6/qje74.pdf](http://galileo.iph.ufrgs.br/mendes/HIP_64/Aula_6/qje74.pdf)

## Sjálfbær nýting háhitavirkjana

Núverandi nýting háhitasvæða til raforkuframleiðslu er ekki sjálfbær.

- Fæst þeirra eru beintengd kvikuhólfi sem endurnýjar hitageyminn og því eru þau í raun hitanámur en ekki hitalindir. Reiknað er með um 50 ára nýtingartíma og svo þurfi að hvíla þau í áratugi. Óvíst er hvort og hvernig þá verður hægt að haga nýtingu þeirra.
- Orkunýting háhitavirkjana er aðeins um 12-14%. Væri þessi auðlind fiskur myndum við segja að brottkast væri 86-88%.
- Mengun frá háhitavirkjunum veldur tjóni á eigum fólks. Þetta þekkja íbúar í ákveðnum hverfum austurborgarinnar vel en þar hafa þök og bílar ryðgað með áður óþekktum hraða eftir að Hellisheiðarvirkjun tók til starfa. Tjón á náttúru er einnig staðreynd en lítt rannsakað. Heilsuspillandi áhrif af brennisteinsgufum eru líka þekkt. T.d. er fylgni á milli aukningar í sölu asmalyfja á höfuðborgarsvæðinu og magns brennisteins í andrúmslofti<sup>2</sup> og ný rannsókn sýnir tölfræðilega marktæka aukna áhættu „á brjóstakrabbameini og grunnfrumukrabbameini í húð, og vísbending um aukna áhættu annarra geisla næmra krabbameina, bendir til að radon útsetning gæti stuðlað að krabbameins hættu meðal fólks sem búsett er á háhitasvæðum“<sup>3</sup>.

Þær háhitavirkjanir sem nú eru á teikniborðinu hafa ekki leyst úr þessum þremur alvarlegu ágöllum, þ.e. skömmun nýtingartíma, brottkasti á meirihluta orkunnar og vanda við að hreinsa brennistein úr gufunni með hagkvæmum hætti.

Með öðrum orðum; háhitasvæðin geyma takmörkuð verðmæti, núverandi nýting er sóun á auðlindinni og mengun af nýtingunni veldur eigna- og heilstjóni.

Hin viðurkennda aðferðafræði sem að framan er lýst gefur skýrar leiðbeiningar sem ég vona að geti nýst þingmönnum við að flokka svæði í nýtingar- bið og verndarflokka á faglegan hátt.

Virðingarfyllt,

Dofri Hermannson,  
formaður Græna netsins,

---

<sup>2</sup> [http://skemman.is/stream/get/1946/5999/17284/1/HanneKrageCarlsen\\_fixed.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/5999/17284/1/HanneKrageCarlsen_fixed.pdf)

<sup>3</sup> <http://skemman.is/is/item/view/1946/11712>